


DAGBÓK



Vífelfell hf. með nýjan ávaxtasafa

Verksmiðjan Vífelfell hf. hefur hafið framleiðslu á ávaxtasafa undir vörumerkinu **Minute Maid**. Framleiddar eru þrjár tegundir: appelsínu-, epla- og tropical

ávaxtasafi. Fyrst um sinn verður safinn aðeins fánlegur í 0,25 l umbúðum, en síðar koma til 1 lítra umbúðir.

Appelsínu- og eplasafinn er 100% hreinn ávaxtasafi og ekki er bætt í neinum litarefnum, sætuefnum eða rotvarnarefnum, en Tropical ávaxtasafinn er 47% hreinn safi úr margs konar ávöxtum.

Kappraðufundur í Norræna húsinu í dag: Á ríkið að selja veiðileyfi?

Kynningarnefnd Verkfæðingafélags Íslands mun standa fyrir kappraðufundi um spurninguna: **Á ríkið að selja veiðileyfi í íslenski fiskveiðilögsögu?** Fundurinn fer fram í Norræna húsinu í dag, þriðjud. 21. febrúar kl. 20:30 og er öllum opinn.

Tvö framsöguerindi verða haldin: Þorkell Helgason við Háskóla Íslands hefur verið fenginn til að tala með því að ríkið selji veiðileyfi, en Finnþógi Jónsson, forstjóri Sildarvinnslunnar hf. Neskaupstað, talar á móti því að ríkið verði handhafi og seljandi fiskveiðiheilmilda.

Þetta er annar kappraðufundur kynningarnefndar Verkfæðingafélagsins. Síðast var kappraða um Reykjavíkflugvöll.

Ítalsk-íslenska félagið

Ítalsk-íslenska félagið mun halda aðalfund sinn sunnudaginn 26. febrúar kl. 16:30 í DJÚPINU í kjallara veitingahússins Hornsins við Hafnarstræti í Reykjavík. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórn ÍT-ALÍU skipa nú: Friðrik Ásmundsson Brekkan, formaður, Júlíus Vífill Ingvarsson, Karl Steingrímsson, Soffía Gísladóttir, Björgvin Pálsson, Magnús Skúla-son og Sigurður Demetz Franzon.

Listasafn Einarssonar:

Opnað á ný

Listasafn Einarssonar er opið alla laugardaga og sunnudaga kl. 13:30–16:00. Höggmyndagardurinn er opinn daglega frá kl. 11:00–17:00.

Húsverðir til starfa í Landmannalaugum

Um miðjan febrúar tóku til starfa tveir húsverðir í söluhúsi Ferðafélagsins í Landmannalaugum, þeir Sigurður Halldórsson og Siggeir Lárusson. Áætlaður starfstími er fram að sumarmálum.

Þetta er annar veturinn sem Ferðafélagið ræður húsverði til starfa í Laugum, en reynslan frá síðasta vetri varð hvatning til þess að halda þessari vörslu áfram í ár. Ferðamönnum í vetrarferðum þykir ómetanlegt öryggi að störfum húsvarða þarna.

Í söluhúsinu verða þeir með talstöð sem tengd er Gufunesráðiði og verður hlustunartími á morgnana kl. 09:00–9:30 og eftir hádegi kl. 16:00–16:30. Um helgar er hlustað eins og tími gefst til og eins ef veður eru válynd.

Húsverðir taka að sér að flytja farangur fólks með vélsléðum frá Sigöldu til og frá Landmannalaugum. Einnig má semja við þá um flutning frá öðrum upphafsstað. Þessi þjónusta kostar kr. 2.500 á mann. Einnig er aðstoðað við minniháttar viðgerðir á vélsléðum.

Þeir sem hafa hug á gistingu í Landmannalaugum geta pantað gistingu á skrifstofu Ferðafélagsins, Öldugötu 3, s. 19533 og 11798.

Ferðafélag Íslands

Fundur að Hallveigarstöðum

Fundarefni:

„Fósturskaðar af völdum áfengisneyslu“

Í kvöld, þriðjud. 21. febrúar kl. 20:30, verður opinn fundur að Kvænnaheimilinu, Hallveigarstöðum um Fósturskaða af völdum áfengisneyslu.

Hér á landi er stöðd dr. Ann P. Streissguth, sem starfar við háskólann í Washington í Bandaríkjunum. Hún hefur um áráð unnið að rannsóknum á fundarefninu. Dr. Ann P. Streissguth mun flytja erindi á fundinum, en að því loknu verða frjálssar umræður. Erindið verður flutt á ensku, en skýrt út á íslensku. Kaffiveitingar verða á fundinum.

Fundurinn er opinn öllum.

Bandalag kvenna í Reykjavík
Kvenfélagsamband Íslands
Kvenréttindafélag Íslands

Hallgrímskirkja: Starf aldraðra

Ef veður leyfir verður „Opíð hús“ í safnaðarsal kirkjunnar á morgun, miðvikudag, og hefst kl. 14:30. Dagskráin verður tileinkuð Noregsferð sem farin var á sl. sumri. Kaffiveitingar.

Þeir sem óska eftir bílfari láti vita í síma kirkjunnar 10745 fyrir kl. 12:00 sama dag.

Leikfimin hefst aftur í dag kl. 12:00. Fótsmyrting og hárgreiðsla er á þriðjudögum og föstudögum.

Sýning Ásgerðar Búadóttur í Gallerí Borg

Um þessar mundir stendur yfir sýning á myndvafnaði Ásgerðar Búadóttur í Gallerí Borg, Pósthússtræti 9.

Á sýningunni eru ný verk öll ofin á árunum 1986–1989. Stærsta verkið er 227x204 sm. Fjögur verk sýningarinnar kallar listakonan „Gengið með sjó“. Það er samstaða en þó hvert verk fyrir sig sjálfstætt.

Sýningin er opin virka daga kl. 10:00–18:00 og um helgar kl. 14:00–18:00. Sýningunni lýkur þriðjudaginn 28. febrúar.

Kvenfélagið Seltjörn

Aðalfundur Kvenfélagsins Seltjarnar verður haldinn í kvöld, þriðjud. 21. febrúar kl. 20:30 í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi.

Venjuleg aðalfundarstörf. Vegna lagabreytinga er mikilvægt að konur mæti vel. Dagskrá með léttu ívafi.

Stjórnin

ÚTVARP/SJÓNVARP



Rás 1
FM 92,4/93,5

Þriðjudagur 21. febrúar

6.45 Veðurfregnir. Bæn, séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson flytur.

7.00 Fréttir.

7.03 Morgunsárið með Óskari Ingólfssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00.

9.00 Fréttir.

9.03 Litli barnatíminn – „Kári litli og Lappi“ Stefán Júlíusson les sögu sína. (6) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00).

9.20 Morgunleikfimi Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.

9.30 Í pokahorninu Sigríður Pétursdóttir gefur hlustendum holl ráð varðandi heimilishald.

9.40 Landpósturinn – Frá Vesturlandi Umsjón: Einar Kristjánsson.

10.00 Fréttir. Tilkynningar.

10.10 Veðurfregnir.

10.30 Ég man þá tíð Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.

11.00 Fréttir.

11.03 Samhljómur Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað eftir fréttir á miðnætti).

11.55 Dagskrá.

12.00 Fréttayfirlit. Tilkynningar.

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir. Tilkynningar.

13.05 Í dagsins önn – Barnamenning Umsjón: Steinunn Harðardóttir.

13.35 Miðdegisagan: „Blóðbrúðkaup“ eftir Yvonne Quæflec Guðrún Finnþógsdóttir þýddi. Þórarinn Eyjóð les (19).

14.00 Fréttir. Tilkynningar.

14.05 Snjálög – Inga Eydal. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00).

15.00 Fréttir.

15.03 Af þeim Héloise og Abélard Dagskrá í Umsjón Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur. (Endurtekin frá 29. janúar sl.)

15.45 Þingfréttir

16.00 Fréttir.

16.03 Dagskráin Dagskrá.

16.15 Veðurfregnir.

16.20 Barnaútvarpið – Leikhúsför: „Óvitar“ eftir Guðrúnu Helgadóttur Umsjón: Sigurður M. Jónasdóttir.

17.00 Fréttir.

17.03 Tónlist á síðdegi – Händel, Mozart og Haydn

– Sónata nr. 1 op. 12 í F-dúr eftir Georg Friedrich Händel. Iona Brown leikur á fiðlu, Denis Vigay á selló og Nicholas Kraemer á sembal.

– Pianósónata í C-dúr eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Daniel Barenboim leikur.

– Strengjakvartett í B-dúr op. 74 eftir Joseph Haydn. Amadeus kvartettinn leikur.

18.00 Fréttir.

18.03 Á vettvangi Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjóðsdóttir og Páll Heiðar Jónsson.

Tónlist. Tilkynningar.

18.45 Veðurfregnir.

19.00 Kvöldfréttir

19.30 Tilkynningar.

20.00 Kvíksjía – Hrollvekur í íslenskum frásögn-um Umsjón: Matthías Viðar Sæmundsson. (Einnig útvarpað á föstudagsmorgun kl. 9.30).

20.00 Litli barnatíminn – „Kári litli og Lappi“ Stefán Júlíusson les sögu sína. (6) (Endurtekin frá morgni).

20.15 „Herrens bönn“, óratoria eftir Hugo Alfvén Texti óratoríunnar er úr „Píslarvottunum“ eftir Erik Johan Stagnelius. Iwa Sörenson, Birgitta Svenden, Christer Solén og Rolf Leandersson syngja með Mótettukörnum í Stokkhólm, Kór Dómkirkjunnar í Stokkhólm og Sinfóníuhljóm-sveitinni í Norrköping; Gustav Sjökvist stjórnar.

21.00 Kveðja að norðan Úrval svæðisútvarpsins á Norðurlandi í liðinni viku. Umsjón: Kristján Sigurjónsson og Þróstur Emilsson. (Frá Akureyri)

21.30 Útvarpsagan: „Þjónn þinn heyrir“ eftir Söru Lidman Hannes Sigfússon les þýðingu sína (14).

22.00 Fréttir.

22.07 Frá alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík Jón P. Þór segir frá gangi skáka í sjöundu umferð.

22.15 Veðurfregnir.

22.20 Lestur Passíusálma Guðrún Ægisdóttir les 26. sál.

22.30 Leikrit: „Hjá tannlækni“ eftir James Saunders Þýðandi og leikstjóri: Jón Víðar Jónsson. Leikendur: Rúnik Haraldsson, Margrét Ólafsdóttir, Harald G. Haraldsson og Þórunn Magna Magnúsdóttir. (Einnig útvarpað nk. fimmtudag kl. 15.03).

23.20 Tónskáldatími Guðmundur Emilsson kynnir íslenska tónlist, í þetta sinn verk eftir Karólínu Eiríksdóttur.

24.00 Fréttir.

00.10 Samhljómur Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekin frá morgni).

01.00 Veðurfregnir.

Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.



RÁS FM 91,1

01.10 Vökulög

7.03 Morgunútvarpið Leifur Hauksson og Ólaf Rún Skúladóttir helja daginn með hlustendum.

9.03 Stúlkan sem bræðir íshjórtun, Eva Ásrún kl. 9 Morgunsyrpa Evu Ásrún Albertsdóttur – Almælskveður kl. 10.30.

11.03 Stefnumót Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytdur varðar á hvassan og gamansaman hátt.

12.00 Fréttayfirlit. Auglýsingar.

12.15 Heimsblöðin

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Umhverfis landið á áttatíu Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónsson leika þrautreynda gullaldartónlist og gefa gaum að smáblómum í mannfréttum.

14.05 Milli mála, Óskar Páll á útkíkk og leikur ný og fín lög.

– Útkíkk úpp úr kl. 14 og Auður Haralds talar frá Róm.

– Hvað gera bændur nú?

16.03 Dagskrá Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Halstein, Ávar Kjartansson og Sigríður Einarssdóttir.

– Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendapjónustan kl. 16.45.

– Fréttanefninn, Sigurður G. Tómasson með fjölmiðlaryni eftir kl. 17.00.

– Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.

– Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu að loknum fréttum kl. 18.03. Málin eins og þau horla við landslýð, sími þjóðarsálarinnar er 38500.

19.00 Kvöldfréttir

19.32 Áfram Ísland Dægurlög með íslenskum flytjendum.

20.30 Útvarp unga fólksins

21.30 FRÆDSLUVARP: Lærum ensku Enskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjákkennslu-nefndar og Málaskólans Mímis. Fimmháttí þáttur endurtekinn frá liðnu hausti.

22.07 Bláar nótur Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.

23.45 Innskot frá Alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík Jón P. Þór skýrir skák úr sjöundu umferð.

01.10 Vökulög Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Að loknum fréttum kl. 2.00 verður endurtekinn frá föstudegi þátturinn „Ljóf-lingslög“ í umsjá Svanhildar Jakobsdóttur. Að loknum fréttum kl. 4.00 flutt brot úr dægurmála-útvarpi þriðjudagsins. Fréttir kl. 2.00 og 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30.

Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

SVÆÐISÚTVARP Á RÁS 2

8.07- 8.30 Svæðisútvarp Norðurlands

18.03-19.00 Svæðisútvarp Norðurlands



SJÓNVARPIÐ

Þriðjudagur 21. febrúar

18.00 Gullregn. Lokapáttur. Danskur framhalds-myndaflokkur fyrir börn í sex þáttum. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. (Nordvision – Danska sjónvarpið).

18.50 Táknmálfréttir

19.00 Poppkorn – endursýndur þáttur frá 15. feb. Umsjón Stefán Hilmarsson.

19.25 Smellir – Robbie Robertson. Endursýndur þáttur frá í haust.

19.54 Ævintýri Tinna. Krabbinn með gullnu klæmar (4).

20.00 Fréttir og veður.

20.35 Matarlist. Umsjón Sigmar B. Hauksson.

20.50 Á því herrans ári 1974. Edda Andrésdóttir og Arni Gunnarsson skoða atburði ársins í nýju ljósi með aðstoð fréttamaða Sjónvarpsins.

21.55 Leyndardómar Sahara. Secret of the Sahara. Sjötti þáttur. Framhaldsmyndaflokkur í sjö þáttum. Aðalhlutverk Michael York, Ben Kingsley, James Farentino og David Soul.

Þýðandi: Gauti Kristmannsson.

23.00 Seinni fréttir.

23.10 B-keppnin í handknattleik. Endursýndur leikur Íslands frá því fyrri um daginn.

23.55 Dagskráir.

ATH! huganlegt er að bein útsending frá B-keppninni faski dagskránni að einhverju leyti.



Þriðjudagur 21. febrúar

15.45 Santa Barbara. Bandarískur framhaldsþáttur sem hlotið hefur verðskuldaða athygli gagnrýnenda.

16.30 Lög gera ráð fyrir. Penalty Phase. Leikarinn Peter Strauss fer hér með vandasamt hlutverk hæstaréttardómara. Hann tefir frama sínum í tvisýnu þegar hann lætur hættulegan morðingja lausan þar sem huganlegt er að gengið hafi verið á rétt hans. Aðalhlutverk: Peter Strauss, Karen Austin, Jane Badler, John Harkins og Millie Perkins. Leikstjóri: Tony Richardson.

Framleiðandi: Tamara Asseyev. Þýðandi: Ást-hildur Sveinsdóttir. New World 1986. Sýningar-tími: 90 mín.

18.00 Selurinn Snorri. Seabert. Teiknimynd með íslensku tali. Leikraddir: Guðmundur Ólafsson og Guðný Ragnarsdóttir. Þýðandi: Ólafur Jónsson. Sepp 1985.

18.20 Feldur. Fofur. Teiknimynd með íslensku tali. Þýðandi: Ástráður Haraldsson. Leikraddir: Arnar Jónsson, Guðmundur Ólafsson, Saga Jónsdóttir og Sólveig Pálsdóttir.

18.45 Bilapáttur Stöðvar 2. Kynntar verða nýjungar á bilamarkaðnum, skoðaðir nokkrir bílar og gefin umsögn um þá. Umsjón, kynningu og dagskrárgerð annast Birgir Þór Bragason. Stöð 2 1988.

19.19 19.19. Heili klukkustund af fréttatutningi ásamt fréttatengdu efni.

20.30 Leikarinn. Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson. Stöð 2.

20.45 Íþróttir á þriðjudegi. Íþróttapáttur með blönduðu efni úr ýmsum áttum. Umsjón Heimir Karlsson.

21.40 Hunter. Vinsæll spennumyndaflokkur. Þýðandi: Ingunnur Ingólfssdóttir. Lorimar.

22.30 Rumpole gamli. Rumpole of the Bailey. Breskur myndaflokkur í sex hlutum. 3. þáttur. Lögfræðingurinn Rumpole þykir fádæma göður verjandi. Aðalhlutverk: Leo McKern. Leikstjóri: Herbert Wise. Höfundur: John Mortimer. Framleiðandi: Irene Shubik. Þýðandi: Björn Baldursson. Thames Television.

23.20 Lykinúmerið. Call Northside 777. Blaðamaður nokkur tekur að sér að afsanna sekt ungs manns sem ákærður er fyrir morð á lögreglumanni. Myndin er byggð á sönnu saka-máli. Aðalhlutverk: James Stewart, Lee J. Cobb og Helen Walker. Leikstjóri: Henry Hathaway.

Framleiðandi: Otto Lang. Þýðandi: Þóris Bachmann. 20th Century Fox 1955. Sýningar-tími 105 mín. sh.

01.10 Dagskráir.

Til viðskiptamanna banka og sparisjóða

Tilkynning vegna breyttrar lánskjaravísitölu

Að gefnu tilefni tilkynnist hér með, að bankar og sparisjóðir munu í starfsemi sinni, bæði hvað varðar lánskjaravísitölubundin innlán og útlán, fylgja þeim